

## **Íbúaráð Miðborgar og Hlíða 23. nóvember 2022: Fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um umferðaröryggismál á Hverfisgötu - R21110260**

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða óskar eftir upplýsingum frá umhverfis- og skipulagssviði um hvort og þá hvaða umferðaröryggisaðgerðir eru fyrirhugaðar við Hverfisgötuna þegar kemur að öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Íbúaráðinu hafa borist til eyrna áhyggjur íbúa vegna öryggis barna sem þurfa að fara yfir Hverfisgötu í Tónmenntaskóla Reykjavíkur við Lindargötu sem og barna sem búa neðan við Hverfisgötu og þurfa að fara yfir hana á leið í Austurbæjarskóla. Sérstaklega er bent á skort á gangbrautarljósum í þessu sambandi. Íbúaráðið óskar jafnframt eftir að gerð verði hraðamæling við götuna og ráðið upplýst um niðurstöðurnar þegar þær liggja fyrir.